

30.10.2008

## **Félagssamþykktir fyrir Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík**

### **1. gr. Nafn og aðsetur**

Heiti félagsins er Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík (hér eftir nefnt „fulltrúaráð“). Aðsetur fulltrúaráðsins er í Reykjavík.

### **2. gr. Markmið**

Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík er félag samtaka, fyrirtækja og stofnana sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík.

Markmið félagsins eru:

1. Að vera samráðsvettvangur félagsmanna um hvað eina er lýtur að Listahátíð í Reykjavík,
2. Að vera ráðgefandi fyrir stjórn og stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík, einkum um langtímamarkmið og stefnu hátíðarinnar,
3. Að kjósa einn fulltrúa í stjórn Listahátíðar í Reykjavík til tveggja ára í senn.
4. Að kynna félagsmönnum fjárhagsáætlun og ársreikninga Listahátíðar í Reykjavík.

### **3. gr. Félagsaðild**

Aðild að fulltrúaráðinu eiga stofnanir, samtök, fyrirtæki og aðrir aðilar sem eiga aðild að Listahátíð í Reykjavík. Um aðild að Listahátíð í Reykjavík er sótt til stjórnar Listahátíðar. Hver aðili að Listahátíð í Reykjavík tilnefnir einn aðila til setu í fulltrúaráðinu og annan til vara. Tilnefning gildir þar til tilkynnt er um annað með sannanlegum hætti. Þátttaka stofnana, samtaka og fyrirtækja í starfsemi fulltrúaráðsins er bundin einstaklingum á þeirra vegum sem tilnefndir hafa verið sem fulltrúar þeirra í fulltrúaráðinu.

### **4. gr. Aðildargjöld**

Engin aðildargjöld eru greidd beint til fulltrúaráðsins en aðilar þess greiða árgjald til Listahátíðar í Reykjavík eins og þau eru ákvörðuð af stjórn Listahátíðar hverju sinni. Árgjald skal greitt til Listahátíðar í Reykjavík fyrir 1. september ár hvert. Greiði aðili ekki árgjald tvö ár í röð telst aðild hans að Listahátíð í Reykjavík, og þar með að fulltrúaráðinu, sjálfkrafa fallin úr gildi.

Fulltrúaráð er eingöngu ætlað til samráðs og ráðgjafar vegna stofnunarinnar Listahátíð í Reykjavík, sbr. 2. gr. Fulltrúaráðið hefur því engar fjárreiður á hendi.

## **5. gr. Stjórnskipulag**

Menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gegna formennsku í fulltrúaráðinu til skiptis, til tveggja ára í senn. Varaformennsku gegna þeir hvor fyrir annan. Ekki er um að ræða önnur embætti í fulltrúaráðinu.

Haldinn er aðalfundur einu sinni á ári fyrir 15. október ár hvert. Til aðalfundar er boðað af stjórn Listahátíðar í Reykjavík með tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá og fundargerð síðasta fundar fylgja. Þar fyrir utan skal fulltrúaráð funda eins oft og þurfa þykir til þess að vinna að markmiðum fulltrúaráðs, sbr. 2. gr. Formaður fulltrúaráðs boðar til þeirra funda með tilkynningu til félagsmanna. Hver skuldlaus félagi, sbr. 4. gr. fer með eitt atkvæði á fundum fulltrúaráðs.

## **6. gr. Breytingar á félagssamþykktum**

Tillögur um breytingar á félagssamþykktum skulu sendar formanni fulltrúaráðs fyrir 1. september ár hvert og skulu þær lagðar fyrir næsta aðalfund. Framkomnar tillögur skulu kynntar félagsmönnum í fundarboði. Breytingar öðlast ekki gildi nema þær séu samþykktar af a.m.k. 2/3 hluta félagsmanna á löglega boðuðum aðalfundi.

## **7. gr. Félagsslit**

Fulltrúaráðinu verður aðeins slitið á aðalfundi. Með tillögu um félagsslit skal fara eins og segir í 6. gr.

Þannig samþykkt á aðalfundi Fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík, þann 30. október 2008.